

Nd.

481. Nefndarálit

um frv. til laga um eyðingu svartbaks og hrafns.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við höfum ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum okkar um samþykkt frumvarps þess, sem hér liggur fyrir. Við litum svo á, að fé hins opinbera sé betur varið, á þessum tímum, til annars en þess að eyða fuglalífi landsins og veita stórfé til verðlauna í því skyni.

Þá hyggjum vér, að mörgum búanda yrði það ærið hættulegt, og máske kostnaðarsamt, að bera skylda til, samkv. ákvæðum 4. gr., að eyða eggjum viðkomandi fuglategunda, að viðlögðum 50—300 kr. sektum fyrir hvert brot.

Önnur ákvæði eru einnig varhugaverð og mun verða bent á þau í framsögu.

Alþingi, 15. des. 1939.

Sveinbjörn Högnason,
frsm.

Garðar Þorsteinsson.